

9

6. febr.

## L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 117/1950 verði svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. Laun opinberra starfsmanna árið 1951 skulu miðuð við kaupgjaldsvísitölu 123.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laga nr. 22/1950 komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Hækka má á verðlagsárinu verð landbúnaðarafurða sem nemur hækkun á dreifingar- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 6. febrúar 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

10

6. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málslíður 7. gr. laganna orðist þannig:

Námsbókagjald skal vera 15 krónur á heimili.

2. gr.

3. málslíður 12. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 20 kr. á heimili.